

## Fyrirspurn

til félags- og húsnæðismálaráðherra um búsetuland og greiðslur  
almannatrygginga til örorkulífeyrisþega.

Frá Guðbjarti Hannessyni.

1. Hversu margir örorkulífeyrisþegar búsettir á Íslandi á árunum 2013 og 2014 fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu erlendis? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
2. Hversu margir örorkulífeyrisþegar búsettir á Íslandi sem fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu erlendis voru búsettir í ríkjum a) utan, b) innan EES-svæðisins fyrir flutning til Íslands?
3. Hversu margir örorkulífeyrisþegar skv. 1. tölul. fá engar greiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi?
4. Hversu stórt hlutfall örorkulífeyrisþega skv. 1. tölul. fær ekki greiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi þrátt fyrir að milliríkjasamningur sé í gildi milli Íslands og fyrra búsetulands?
5. Hversu margir örorkulífeyrisþegar skv. 1. tölul. féllu í eftirtalda tekjuflokka á árunum 2013 og 2014 (skattskyldar tekjur í maí og nóvember) sem miðast við allar skattskyldar tekjur:
  - 0–79.999 kr.,
  - 80.000–99.999 kr.,
  - 100.000–129.999 kr.,
  - 130.000–149.999 kr.,
  - 150.000–169.999 kr.,
  - 170.000–189.999 kr.,
  - 190.000–209.999 kr.,
  - 210.000–229.999 kr.,
  - 230.000 kr. eða hærri?

**Skriflegt svar óskast.**